

Fimmtudaginn 4. maí 1995.

Nr. 148/1995.

Ákærvaldið(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Bjarna Leifi Péturssyni**

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldsvist.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 27. apríl 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 28. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. apríl 1995 um staðfestingu á ákvörðun fangelsisýfirvalda um bann við því, að varnaraðili, sem sætir gæsluvarðhaldi til 16. maí nk., noti eldfæri í fangaklefa, og um bann við tóbaksreykingum hans eftir miðnætti. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér verði heimilað að hafa eldfæri undir höndum, en til vara, að bann við tóbaksreykingum sínum eftir miðnætti verði fellt úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Telja verður ríkissaksóknara réttilega aðila að máli þessu, sbr. 141. gr. laga nr. 19/1991.

Fallast verður á, að öryggissjónarmið tengd meðferð fanga í Síðumúlafangelsi á eldfærum og tóbaksreykingum þeirra að næturlagi leiði til þess, að við ákvörðun fangelsisýfirvalda verði ekki hróflað. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. apríl 1995.

Beiðni Bjarna Leifs Péturssonar, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 24. apríl sl., er lögð fyrir dóminn á grundvelli 3. mgr. 108. gr laga nr. 19/1991 og 75. gr. sömu laga, og var hún tekin til úrskurðar 25. apríl sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Gæsluvarðhaldsfanginn Bjarni Leifur Pétursson gerir þá kröfu, að sú ákvörðun fangelsisýfirvalda um bann við, að hann fái að hafa eldfæri undir höndum, verði felld úr gildi, en til vara krefst hann þess, að bann við reykingum eftir miðnætti verði felld úr gildi. Við fyrirtöku málsins var þeirri kröfu beiðanda bætt við kröfugerð hans, að honum verði greiddir dagpeningar eins og afplánunarfanga frá 22. mars sl. til loka gæsluvarðhaldstímans. Þá krefst beiðandi þóknunar til talsmanns síns.

Af hálfu Fangelsismálastofnunar ríkisins er gerð sú krafa, að málinu verði vísað frá. Til vara er þess krafist, að ákvörðun um bann við því, að gæsluvarðhaldsfangar hafi eldfæri í fórum sínum, verði staðfest og undantekning ekki heimiluð frá því banni, að því er varðar beiðanda. Um reykingabann eftir miðnætti kveðst Fangelsismálastofnun krefjast þess, að fangavörðum verði áfram falið mat á tilhögun þess. Þá er því mótmælt, að krafa um dagpeninga komist að í málinu, en til vara er henni mótmælt efnislega. Þá krefst Fangelsismálastofnun ríkisins málflutningsþóknunar.

Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins eru engar kröfur gerðar.

— — —

Samkvæmt orðalagi 3. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991 er gæsluvarðhaldsfanga heimilt að bera atriði, sem varða gæsluvarðhaldsvist, undir dómara eftir ákvæðum 75. gr. sömu laga. Ákvæði 75. gr. heimila, að undir dómara verði borinn ágreiningur um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda svo og ágreiningur um réttindi sakbornings og málsvara hans, þar á meðal ósk þeirra um tiltekna rannsóknaraðgerðir. Sú kæruleið, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 80. gr. reglugerðar nr. 179/1992, sem er sett meðal annars með heimild í 2. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991, verður ekki talin girða fyrir það úrræði gæsluvarðhaldsfanga að bera ágreiningsefni um gæsluvarðhaldsvist sína undir dómara samkvæmt skýru orðalagi 3. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991. Með vísan til þessa er frávísunarkröfu Fangelsismálastofnunar hafnað.

Að því er varðar bann fangelsisýfirvalda við reykingum beiðanda eftir miðnætti og bann sömu aðila við notkun eldfæra í fangaklefa, er þess að gæta, að samkvæmt 76. gr. áðurnefndrar reglugerðar um gæsluvarðhaldsvist nr. 179/1992 setur forstöðumaður fangelsis reglur um umgengi í fangelsinu og að samkvæmt 2. mgr. 77. gr. reglugerðarinnar ber gæsluvarðhaldsfanga

að hlíta þeim reglum, sem forstöðumaður setur til að halda góðri reglu eða öryggi í fangelsinu. Fram er komið, að reglur þær, sem settar hafa verið í Síðumúlafangelsi um notkun eldfæra í fangaklefum, hafi verið settar í öryggisskyni, enda hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til íkveikju og annarra brota með notkun eldfæra.

Með vísan til áðurnefndra ákvæða reglugerðar nr. 179/1992 og skírskotun til þess, að hér er um almennar reglur um umgengni að ræða, sem snerta ekki beiðanda einan, verður að staðfesta þær ákvarðanir fangelsisýfirvalda, að beiðanda sé ekki heimilt að hafa eldfæri í fangaklefa sínum né reykja þar að nóttu til.

Kröfu beiðanda um dagpeninga, meðan á gæsluvarðhaldi stendur, er hafnað með vísan til 3. mgr. 74. gr. reglugerðar nr. 179/1992.

Kröfu Fangelsismálastofnunar ríkisins um málflutningsþóknun er vísað frá, þar sem hana skortir rökstuðning og lagagrundvöll.

Þá verður talsmanni beiðanda ekki dæmd þóknun vegna þessarar kröfu gæsluvarðhaldsfangans sérstaklega að svo stöddu.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Frávísunarkröfu Fangelsismálastofnunar ríkisins er hafnað.

Ákvörðun fangelsisýfirvalda um að banna gæsluvarðhaldsfangan-um Bjarna Leifi Péturssyni notkun eldfæra í fangaklefa og banna honum tóbaksreykingar eftir miðnætti skal standa óröskuð.

Kröfu Bjarna Leifs um greiðslu dagpeninga, á meðan á gæsluvarðhaldi stendur, er hafnað.

Kröfu Fangelsismálastofnunar ríkisins um málflutningsþóknun er vísað frá.

Kröfu Bjarna Leifs um, að talsmanni hans verði úrskurðuð þóknun vegna þessarar beiðni, er hafnað að svo stöddu.